

**Ed.**

**409. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. málsg. 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, 2 krónum fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðist svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 4 kr. á ári, en kvenmaður 2 krónur.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

kr. af kvenmanni og tillag ríkissjóðs væri hækkað upp í kr. 1,50 fyrir hvern gjaldanda.

Næstliðin ár munu gjaldendur til ellistyrktarsjóðanna hafa verið um 40000, og úthlutun úr þeim mun því hafa numið hjer um bil þessu:

1. Af tillagi ríkissjóðs helmingur ... .. .	20000 kr.
2. Af gjöldum gjaldenda $\frac{2}{3}$ hlutir... .. .	38000 —
(Konur fleiri en karlar. Innheimtugjald o. fl. gengur frá).	
3. Vextir í Söfnunarsjóði helmingur ... .. .	15000 —
	Samtals 73000 kr.

Áætlunina um upphæð sjóðanna að 40 árum liðnum, byggi jeg á því, að gjaldendur sjeu nú 40000<sup>1)</sup>, að þeim fjölgi um 1 af hundraði á ári, að sjóðirnir sjeu nú 650000 kr. og að vextir verði til uppjafnaðar næstu 40 ár 4,92 af hundraði, þ. e. einum af hundraði minni en þeir eru nú af innstæðu í Söfnunarsjóðnum, nefnil. 5,92. Vextir geta verið svo háir fyrst um sinn, en ekki til lengdar.

Eftir þessu telst mjer svo til, að upphæð sjóðanna verði eftir 40 ár 7228000 kr. Vextir er ekki byggjandi upp á að þá yrðu meira en fjórir og hálfur af hundraði um árið, en gjaldendur má búast við að yrðu orðnir alt að 60000.

Eftir því gæti útblutaður styrkur þá numið:

1. Af tillagi ríkissjóðs ... .. .	45000 kr.
2. Af gjöldum gjaldenda ... .. .	114000 —
3. Af vöxtum í Söfnunarsjóði... .. .	163000 —
	Samtals ... 322000 kr.

Þetta er hjer um bil  $4\frac{1}{2}$  sinnum meira en nú er úthlutað, en reyndar ekki nema þrisvar sinnum meira, þegar þess er gætt, að gamalmennin verða þá orðin svo mikið fleiri, og þar sem er talið, að styrkurinn, sem úthlutaður er nú, forði ýmsum frá að lenda á sveit, þá mundi hann miklu fremur gera það, þegar hann væri orðinn þrisvar sinnum meiri, og þótt hann ekki gæti þá veitt hverju þurfandi gamalmenni nægilegan styrk til framfæris, þá mundi sá tími nálgast hröðum fetum, að hann gæti það, úr því sjóðirnir væru orðnir svo stórir.

18. apríl 1923.

*Eiríkur Briem.*

---

1) Ef gjaldendatalan er nú nokkuð meiri eða minni en 40000, þá munar það samt litlu á hlutfallinu milli þess, sem úthlutað er nú, og þess, sem úthlutað verður að 40 árum liðnum. Hvorttveggja verður hjer um bil *tillátalega* meira eða minna.

## Greinargerð.

Fyrir allsherjarnefnd hafa legið á þessu þingi 2 frumv. um tryggingar.

Annað þeirra var frá fyrv. fjármálaráðherra Magnúsi Jónssyni og hljóðaði um almennar tryggingar fyrir allan landslýð gegn slysum, veikindum, ennfr. öryrkja og ellitrygging; skyldu iðgjöld greiðast frá fæðingu og innast af hendi af framfæring, rikissjóði og sveitarsjóði, að þriðjungi hvert. Nefndin treysti sjer ekki að bera frv. þetta fram, þar sem hana vantaði alla útreikninga til þess að geta ákveðið iðgjöldin, og vitanlega ekki unt að fá þá, nema með mikilli og nákvæmri rannsókn.

Hitt frumv. var frá Guðm. Guðfinnssyni, 2. þm. Rangæinga, og hljóðaði einungis um ellitryggingar; var þar öllum körlum gert að skyldu að tryggja sjer ellistyrk frá 65 ára aldri, 600 kr. á ári, en konum 400 kr., og voru iðgjöldin ákveðin 24 kr. og 16 kr. frá 18 ára aldri; það var bygt á útreikningum dr. Ól. Dan. Danielssonar. Nefndin áleit frv. ganga í rjetta átt, en virtist það myndi leggja nokkuð há gjöld á landslýð fyrir svo takmarkaða tryggingu, og margskonar vandkvæði myndu verða á innheimtu svo hárra gjalda. Hinsvegar er til nokkur visir til ellitrygginga, þar sem eru ellistyrktarsjóðir handa þurfandi gamalmenum; varð það þá að ráði í nefndinni að auka þennan vísi og bera fram frv. til breytinga á lögnum um alm. ellistyrk frá 9. júli 1909 og lögum nr. 33, 26. okt. 1917, í þá átt að hækka bæði rikissjóðstillag og iðgjöld um helming.

Nefndin átti tal um þetta mál við prófessor Eirik Briem, og ljét hann nefndinni í tje skýrslu um vöxt ellistyrktarsjóðanna, ef iðgjöld væru tvöfölduð og rikissjóðstillagið hækkað úr 1 kr. upp í 1,50 kr. fyrir hvern gjaldanda.

Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eftir 40 ár verði upphæð sú, sem kemur til úthlutunar árlega, rúmlega þreföld, og mætti þá að talsverðu gagni koma.

Nefndin gerir nú ráð fyrir að tvöfalda einnig rikissjóðstillagið, og mun það nema um 40 þúsund kr. útgjaldaauka; miðað við þá tölu gjaldanda, sem nú er, myndi það auka sjóðinn enn þá fyr og meir en próf. gerir ráð fyrir. Þetta er að visu talsverð útgjöld fyrir rikissjóð, en þar sem þetta miðar að dómi nefndarinnar til þess að gera ellina ljettbærari, og hinsvegar talsvert gagn fyrir ríkið að fjársafni slíku í ríkinu, þá virðist nefndinni ekki í það horfandi. Nefndin hefir heldur ekki hikað við að hækka iðgjöldin, þar sem ellistyrktarlögin eru mjög vinsæl orðin og áhugi manna fyrir tryggingum mjög almennur og vakandi. Vonar hún því, að tillögur hennar í þessu máli mælist vel fyrir, en hefir hinsvegar ekki treyst sjer að leggja fram frv. um fleiri tryggingar, þar sem það mál má heita lítt undirbúið.

### Fylgiskjal.

#### ÁÆTLUN

um hvað ellistyrktarsjóðirnir mundu geta veitt mikinn ellistyrk að 40 árum liðnum, ef gjöldin til sjóðanna væru hækkuð upp í 4 kr. af karlmanni og 2

kr. af kvenmanni og tillag rikissjóðs væri hækkað upp í kr. 1,50 fyrir hvern gjaldanda.

Næstliðin ár munu gjaldendur til ellistyrktarsjóðanna hafa verið um 40000, og úthlutun úr þeim mun því hafa numið hjer um bil þessu:

1. Af tillagi rikissjóðs helmingur ... ..	20000 kr.
2. Af gjöldum gjaldenda $\frac{2}{3}$ hlutir... ..	38000 —
(Konur fleiri en karlar, Innheimtugjald o. fl. gengur frá).	
3. Vextir í Söfnunarsjóði helmingur ... ..	15000 —
	<u>Samtals 73000 kr.</u>

Áætlunina um upphæð sjóðanna að 40 árum liðnum, byggji jeg á því, að gjaldendur sjeu nú 40000<sup>1)</sup>, að þeim fjölgi um 1 af hundraði á ári, að sjóðirnir sjeu nú 650000 kr. og að vextir verði til uppjafnaðar næstu 40 ár 4,92 af hundraði, þ. e. einum af hundraði minni en þeir eru nú af innstæðu í Söfnunarsjóðnum, nefnil. 5,92. Vextir geta verið svo háir fyrst um sinn, en ekki til lengdar.

Eftir þessu telst mjer svo til, að upphæð sjóðanna verði eftir 40 ár 7228000 kr. Vextir er ekki byggjandi upp á að þá yrðu meira en fjórir og hálfur af hundraði um árið, en gjaldendur má búast við að yrðu orðnir alt að 60000.

Eftir því gæti útblutaður styrkur þá numið:

1. Af tillagi rikissjóðs ... ..	45000 kr.
2. Af gjöldum gjaldenda ... ..	114000 —
3. Af vöxtum í Söfnunarsjóði... ..	163000 —
	<u>Samtals ... 322000 kr.</u>

Þetta er hjer um bil  $4\frac{1}{2}$  sinnum meira en nú er útblutað, en reyndar ekki nema þrisvar sinnum meira, þegar þess er gætt, að gamalmennin verða þá orðin svo mikið fleiri, og þar sem er talið, að styrkurinn, sem úthlutaður er nú, forði ýmsum frá að lenda á sveit, þá mundi hann miklu fremur gera það, þegar hann væri orðinn þrisvar sinnum meiri, og þótt hann ekki gæti þá veitt hverju þurfandi gamalmenni nægilegan styrk til framfæris, þá mundi sá tími nálgast hröðum fetum, að hann gæti það, úr því sjóðirnir væru orðnir svo stórir.

18. apríl 1923.

*Eiríkur Briem.*

---

1) Ef gjaldendatalan er nú nokkuð meiri eða minni en 40000, þá munar það samt litlu á blutfallinu milli þess, sem úthlutað er nú, og þess, sem úthlutað verður að 40 árum liðnum. Hvorttveggja verður hjer um bil *títtölalega* meira eða minna,